

Ed.

733. Nefndarálit

[359. mál]

um frv. til laga um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þegar ljóst varð að gjaldþrot Hafskips hafði gert út af við fjárhag Útvegsbankans sendi stjórn Seðlabankans álitserð til ríkisstjórnarinnar þar sem lagt var til að bankinn yrði sameinaður öðrum banka eða bönkum í því skyni að auka hagkvæmni í bankakerfinu og gera það ódýrara í rekstri. Nokkrir kostir voru nefndir sem velja þyrfti á milli. Bankastjórnin tók það fram að lakasti kosturinn væri sá að endurreisa Útvegsbankann.

Ríkisstjórnin hefur nú loksins eftir langa mæðu tekið ákvörðun í Útvegsbankamálinu. Að sjálfsögðu valdi hún versta kostinn sem völ var á, þann óhagkvæmasta og dýrasta fyrir almenning í landinu. Útvegsbankinn verður endurreistur en nú í formi einkabanka þótt ríkið leggi að vísu fram fjármagnið, þ.e. 800 millj. kr. úr ríkissjóði og 200 millj. kr. úr Fiskveiðasjóði.

Þorsteinn Pálsson fjármálaráðherra var að vísu búinn að heita því, og staðfesta það heit með ítrekuðum yfirlýsingum, að ekki yrði neitt af fé skattgreiðenda látið af hendi til að endurreisa fjárhag Útvegsbankans. Það heit hefur hann nú svikið.

Útvegsbankinn var upphaflega hlutafélag, stofnað upp úr þrotabúi Íslandsbanka um 1930. Á árinu 1957 þótti óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir til að bjarga fjárhag Útvegsbankans hf. og var hann þá gerður að ríkisbanka. Árið 1981 lagði ríkissjóður 50 millj. kr. til bankans með aðstoð Seðlabankans og er það fé á núvirði hátt í 400 millj. kr.

Nú á enn að bjarga fjárhag bankans og í þetta sinn er lausnin þveröfug við það sem var árið 1957 því að nú á að breyta honum úr ríkisbanka í hlutafélagsbanka.

Þessi breyting felur það í sér að ríkisábyrgð á innlánnum og lántökum bankans erlendis fellur niður eftir tvö ár. Hvort tveggja er mjög óhagstætt fyrir bankann, dregur úr trausti innstæðueigenda og lánveitenda og eykur lántökukostnað erlendis. Því kæmi ekki á óvart að eftir nokkur ár yrði að grípa til þess ráðs til að bjarga bankanum að breyta honum enn á ný og þá úr hlutafélagi í ríkisbanka.

Undirritaður er ekki reiðubúinn að taka þátt í þessum skollaleik. Bönkum ber að fækka. Kerfið þarf að verða einfaldara, ódýrara og hagkvæmara. Skattgreiðendur þessa lands hafa margt betra við fé sitt að gera en að moka eitt þúsund milljónum króna í þessa botnlausu hit — 20 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu.

Annar minni hl. getur ekki mælt með því að frumvarp þetta verði samþykkt og leggur til að það verði fellt.

Alþingi, 4. mars 1987.

Ragnar Arnalds.